

Garðabær

Úttekt á stjórnskipulagi 2023

Á fundi á bæjarskrifstofum Garðabæjar með Arnari Pálssyni og Presti Sigurðssyni, ráðgjöfum hjá ARCUR ráðgjöf, þann 2. ágúst sl., óskaði Almar Guðmundsson, bæjarstjóri Garðabæjar eftir tillögu frá ARCUR um úttekt á stjórnskipulagi sveitarfélagsins.

Á grunni umræðu á fundinum leggur ARCUR til eftirfarandi tillögu um framkvæmd verkefnisins.

1. Markmið

Meginmarkmið verkefnisins er að rýni virkni stjórnskipulags Garðabæjar með áherslu á stoðþjónustu og meta þörf fyrir breytingar:

- Að vinna með stjórnendum greiningu og mat á styrkleikum og veikleikum í stoðþjónustu til fagsviða.
- Að kanna hvort og þá hvernig ná megi fram aukinni skilvirkni í skipulagi, utanumhaldi og framkvæmd verkefna með breytingum á skipulagi, stjórnun, verkferlum og samstarfi á milli sviða.

Afurð verkefnisins er greinargerð þar sem fram koma tillögur að breytingum, ef tilefni er til. Þær geta náð til skipulags, verkaskiptingar, samvinnu og nálgun í framkvæmd verkefna.

2. Framkvæmd verkefnis

Gert er ráð fyrir að settur verði á laggimar stýrihópur til að vinna á mótí ráðgjöfum í verkefninu. Í stýrihópi yrðu bæjarstjóri, bæjarritari, mannauðsstjóri og ráðgjafar ARCUR.

Gert er ráð fyrir allt að 3-5 vinnufundum með stýrihópi á verktímabilinu þar sem stýrihópur fær tækifæri til að fylgjast með framvindu vinnunnar og helstu niðurstöðum hennar eftir því sem henni vindur fram.

Verkefnið verður að öðru leyti unnið í fimm skrefum:

a. Undirbúningur verkefnis og gagnarýni

Ráðgjafar rýna ýmis gögn frá sveitarfélaginu, t.d. skipurit, starfslýsingar stjórnenda, samþykktir, fyrirbyggjandi stefnur, minnisblöð sem gerð hafa verið og tengjast innra starfi sveitarfélagsins.

Í þessum verkþætti verða til útlínur að verkefnum og viðfangsefnum fyrir vinnustofur. Möguleg viðfangsefni liggja til grundvallar til umræðu í viðtölum og eftir atvikum á vinnustofum. Þá

verður unnið að því að tímasetja vinnustofur, undirbúa og ákvarða aðkomu að þeim.

b. Stjórnendasamtöl

Ráðgjafar taka viðtöl við alla sviðsstjóra sveitarfélagsins og alla deildarstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs. Í viðtölum yrði kallað eftir upplýsingum um núverandi verkefni og skipulag þeirra. Kallað verður eftir hugmyndum og ábendingum um úrbætur á sviði þjónustu stjórnsýslusviðs, ferla, stjórnun og samhæfingu verkefna.

Sérstaklega er horft til þess að ná samtali um stoðþjónustu en ef fram koma sjónarmið um breytingar á verkaskiptingu á milli fagsviða yrði haldið sérstaklega utan um þau.

Samhliða verður lagt mat á það í greiningarvinnunni hvort og hvernig tilfærsla einstakra verkefna og ábyrgðar getur aukið skilvirkni.

c. Vinnufundur starfsfólks

Gert er ráð fyrir að haldinn verði einn umbótafundur með starfsfólki á bæjarskrifstofu, gera má ráð fyrir 2-3 klst. fundi þar sem kallað verði eftir sjónarmiðum er varða skipulag, ferla, samstarf og samvinnu.

d. Vinnustofa stjórnenda

Að loknum viðtölum og fyrsta mati á því efni sem þar kemur fram, skipuleggja ráðgjafar vinnustofu með stjórnendum sem stendur yfir í 2-3 klukkustundir.

Á vinnustofunum verður unnið með nokkur þemu, dæmi um slík þemu eru:

- Hver eru kjarnaverkefni stoðþjónustu sveitarfélagsins?
- Ef horft er til þess að sinna kjarnaverkefnum betur - er spurt hvaða verkefnum megi hætta, draga úr, auka við eða önnur sem taka þurfi upp?
- Hvar liggja grá svæði sem bitna á þjónustu til annarra sviða og íbúa?
- Hvar má efla samstarf og samvinnu innan stjórnsýslunnar til að efla gæði verkefna og undirbyggja aukna teymisvinnu þvert á svið þar sem það á við.

Vinnustofur verða útfærðar í ljósi niðurstaðna úr viðtölum og í samráði við stýrihóp.

e. Úrvinnsla og uppsetning greinargerðar

Að greiningu lokinni setja ráðgjafar fram lýsingu á stöðu mála fyrir stýrihóp verkefnis. Ráðgjafar kalla þar eftir umboði stýrihóps til að útfæra tillögur og hugmyndir sem færðar verða í formlega greinargerð. Í henni má gera ráð fyrir því að fjallað verði um stjórnskipulag sveitarfélagsins ásamt tillögum að breytingum. Einnig komi fram sjónarmið frá vinnustofum um hvað megi betur fara er kemur t.a.m. að þróun stafrænnar þjónustu, hagnýtingu upplýsingatækni, gæðamál, mannauðsmál o.fl. Sérstök áhersla verður lögð á að undirbyggja verkefni eða aðgerðir til að auka samvinnu og bæta þjónustu stjórnsýslusviðs

3. Ráðgjafar

Arnar Pálsson hefur sinnt ráðgjafastörfum fyrir fjölda fyrirtækja, ráðuneyta og stofnana á sviði stefnumótunar og rekstrar. Hann hefur starfað við ráðgjöf nærri samfelld frá 2007. Áður starfaði Arnar sem ráðgjafi hjá Capacent, ráðgjafi hjá ParX – viðskiptaráðgjöf IBM, sem verkefnisstjóri hjá forsætisráðuneyti og forstöðumaður viðskiptaþróunar Advania. Arnar hefur stýrt fjölda umbótaverkefna og leitt eða tekið þátt í á fjórða tug stefnumótunarverkefna fyrir ríkisstofnanir, sveitarfélög og einkaaðila. Arnar er með M.Sc. próf í stjórnun frá Edinborgarháskóla og M.A. í bókmenntum frá Háskóla Íslands.

Herdís Sólborg hefur lengst af starfað á opinberum vettvangi við innleiðingu á umbótaverkefnum samhliða sérfræðistörfum. Hún hefur setið í og leitt fjölmarga stýri- og starfshópa í tengslum við jafnréttismál hérlandis sem og erlendis. Þá hefur hún starfað sem sérfræðingur í fjárlagagerð og stefnumótun og leitt starfshópa við innleiðingu á lögum um opinber fjármál. Hún er með MPA í opinberri stjórnsýslu og diplómagráðu í hagnýtum jafnréttisfræðum frá Háskóla Íslands.

Þröstur Sigurðsson er viðskiptafræðingur (cand. Oecon.) frá HÍ, með MSc. gráðu í fjármálum og löggildingu sem verðbréfamiðlari. Þröstur hefur áður starfað sem sveitarstjóri á Fáskrúðsfirði, framkvæmdastjóri Farice og samruna og yfirtöku hjá Landic Property, ráðgjafi og stjórnarformaður Capacent, ráðgjafi hjá ParX, IBM Business Consulting Services og PwC. Þröstur hefur auk ráðgjafastarfa fyrir fyrirtæki, unnið að fjölda rekstrar- og stjórnsýsluúttekta fyrir sveitarfélög,

félagasamtök og ríkisstofnanir, annast námskeið fyrir sveitarstjórnarmenn, auk greininga á sameiningarkostum sveitarfélaga og ríkisstofnana.

Ábyrgðaraðili verkefnisins að hálfu ARCUR er Arnar Pálsson.

4. Þóknun og greiðslufyrirkomulag hennar

Gert er ráð fyrir því að vinna við verkefnið geti hafist við undirskrift verksamnings. Stefnt er að því að niðurstöður geti legið fyrir 15. október 2023.

Áætluð þóknun fyrir ráðgjöf og vinnslu verkefnisins er um 2,8 m.kr. auk virðisaukaskatts.

Tímagjald ráðgjafa er 25.500 kr., að teknu tilliti til 15% afsláttar, er án virðisaukaskatts.

Í þessari áætlun er ekki gert ráð fyrir kostnaði af leigu fundarsala, veitingum eða aðstöðu fyrir vinnufundi.

Þóknun greiðist í tvennu lagi, helmingur 15 dögum eftir undirskrift og helmingur við verklok. Ef breytingar verða gerðar á verkefnislýsingunni á verktímanum, þannig að umfang verkefnis er aukið, greiðist það eftir framvindu verksins.